

# REGLUR LANDSBANKANS UM LYKILSTARFSMENN

Regla nr. 201001-0997-4 | Uppfærðar í september 2014 | Framkvæmdastjórn



---

**Reglur þessar eru settar á grundvelli** leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010, um hæfi lykilstarfsmanna sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 162/2011, um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna eða þeirra sem eiga virkan eignarhlut í því, eða aðila í nánum tengslum við framangreinda.

---

## 1. MARKMIÐ

Landsbankinn hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“) gerir ríkar kröfur til hæfis starfsmanna og stjórnenda bankans. Kröfur þessar lúta að trúverðugleika þessara aðila auk krafna um faglegt hæfi viðkomandi, þ.e. að menntun, starfsreynsla og starfsferill sé með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á viðunandi hátt.

Hæfi og heilindi starfsmanna er einn af grundvallarþáttum varðandi annars vegar rekstraráhættu Landsbankans og hins vegar orðsporsáhættu. Þannig er hæfi bankaráðsmanna, bankastjóra og lykilstarfsmanna mikilvægur grundvöllur heilbrigðra og eðlilegra viðskiptahátta Landsbankans.

## 2. LYKILSTARFSMAÐUR

Lykilstarfsmaður Landsbankans er einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en bankastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu Landsbankans. Bankaráð metur hverjir teljast til lykilstarfsmanna framkvæmdastjórar Landsbankans teljast þó ávallt til lykilstarfsmanna.

## 3. MAT Á HÆFI LYKILSTARFSMANNA

Framkvæma skal hæfismat á öllum lykilstarfsmönnum. Þá skal framkvæma hæfismat á þeim stjórnendum bankans sem hafa daglega umsjón með fjárfestingaráðgjöf til viðskiptavina, þ.m.t. forstöðumanni Markaðsviðskipta, forstöðumanni Fyrirtækjaráðgjafar og forstöðumanni Eignastýringar.

Fjármálaeftirlitið framkvæmir mat á hæfi bankaráðsmanna, bankastjóra og framkvæmdastjóra dótturfélaga með starfsleyfi.

## 4. FRAMKVÆMD HÆFISMATS

Regluvörður framkvæmir hlutlægt og huglægt hæfismat á umsækjendum um stöður lykilstarfsmanna bankans og þeim stjórnendum sem tilgreindir eru í 3. gr. áður en gengið er frá ráðningu. Eftir að ráðningu lýkur en áður en gengið er frá fastráðningu skal framkvæmt sérstakt mat á þekkingu viðkomandi.

Landsbankinn áskilur sér rétt til að kalla eftir þeim gögnum sem þurfa þykir til að framkvæma mat samkvæmt þessari grein.

### HLUTLÆGT MAT

Áður en til ráðningar kemur skal regluvörður í samráði við mannauðsstjóra kanna hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um lögræði, menntun og hvort umsækjandi hafi hreint sakarvottorð. Þá skal kanna hvort umsækjandi hafa réttarstöðu grunaðs í sakamáli er tengist fjármálastarfsemi.

### HUGLÆGT MAT

Áður en til ráðningar kemur skal regluvörður í samráði við mannauðsstjóra og bankastjóra leggja mat á hvort menntun, starfsreynsla og önnur störf viðkomandi hæfi stöðunni. Meta skal hæfi umsækjanda með tilliti til þekkingar, fyrri starfa, fjárhagsstöðu með hliðsjón af fjárhagslegu sjálfstæði og hvort viðkomandi hafi óflekkað mannorð.

Umsækjandi skal hafa starfsreynslu sem nýtist honum sannarlega til að geta gegnt stöðu

sinni á trúverðugan og forsvaranlegan hátt. Slíkt mat skal liggja fyrir áður en tekin er ákvörðun um ráðningu tiltekins aðila.

Meta skal starfsferil umsækjanda með tilliti til þess hvort hann hafi sætt rannsókn opinberra eftirlitsaðila, hvort höfðað hafi verið mál á hendur honum, hvort réttmætar kvartanir hafi beinst gegn honum vegna eftirlitsskyldrar starfsemi, hvort hann hafi verið stjórnandi fyrirtækis sem orðið hefur gjaldþrota og hvort honum hafi verið sagt upp störfum vegna athafna sinna eða athafnaleysis. Meta skal framangreind atriði út frá orðsporsáhættu og hvort fyrri háttsemi sé til þess fallin að draga megi í efa hæfni umsækjanda eða að hann muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða bankann.

#### **MAT Á ÞEKkingU**

Ef umsækjandi uppfyllir framangreindar kröfur og til ráðningar kemur þá skal regluvörður boða hlutaðeigandi starfsmann til fundar þar sem framkvæmd sérstaks hæfismats er kynnt ásamt því að starfsmanni eru afhentar upplýsingar um þau viðfangsefni sem nauðsynlegt er að viðkomandi kunni skil á. Hæfismatið skal að jafnaði fara fram tveimur vikum eftir undirbúningsfund nema viðkomandi samþykki skemmri frest.

Eftir hæfismatið skal regluvörður leggja mat á hvort starfsmaður hafi nægilega þekkingu og skilning á þeim lögum og reglum sem rædd hafa verið og hvort hann teljist hæfur að öðru leyti með hliðsjón af hæfisskilyrðum laga. Hæfismatið skal framkvæma við fyrsta tækifæri en starfsmaður er ekki fastráðinn fyrir en hann hefur staðist hæfismatið með fullnægjandi hætti.

Við mat á hæfi starfsmanna skal m.a. líta til þekkingar viðkomandi á lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um verðbréfavíðskipti, lögum um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði, lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, reglugerð um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja og lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Meta skal þekkingu á framangreindum lögum eftir því sem við á að teknu tilliti til ábyrgðar og starfa viðkomandi starfsmanns.

Verði starfsmaður fluttur til í starfi skal að öllu jöfnu framkvæma nýtt hæfismat teljist störfín ekki sambærileg.

#### **5. NIÐURSTÖÐUR HÆFISMATS**

Regluvörður skal eins fljótt og við verður komið tilkynna starfsmanni og mannauðsstjóra skriflega hvort viðkomandi hafi staðist hæfismat. Staðfesting skal vistuð hjá mannauðsstjóra ásamt viðeigandi gögnum.

Hafi starfsmaður ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu á þeim lögum og reglum sem til umfjöllunar voru að mati regluvarðar, skal gefa honum kost á því að endurtaka matið innan fjögurra vikna frá því niðurstaða liggur fyrir.

Hafni starfsmaður því að endurtaka mat eða standist hann ekki endurtekið hæfismat skal regluvörður upplýsa mannauðsstjóra og bankastjóra um niðurstöðu hæfismatsins og telst viðkomandi þá ekki hæfur í viðkomandi starf hjá Landsbankanum.

#### **6. ÞÁTTTAKA LYKILSTARFSMANNA Í STJÓRNUN OG ATVINNUREKSTRI**

Við mat á því hvort þátttaka í stjórnun eða atvinnurekstri teljist samrýmanleg starfi lykilstarfsmanns er horft til stöðu viðkomandi innan Landsbankans og hvort slík þátttaka komi niður á heilindum og vinnuframlagi hans. Lykilstarfsmönnum er ekki heimilt að taka þátt í stjórnun og atvinnurekstri ef starfsemin felur í sér hugsanlega hagsmunaárekstra eða er líkleg til að skaða orðspor Landsbankans. Gerðar eru meiri kröfur til stjórnenda Landsbankans sem skulu að öllu jöfnu ekki taka þátt í atvinnurekstri öðrum en félagsstörfum.

#### **7. VANHÆFI BANKASTJÓRA OG LYKILSTARFSMANNA VIÐ MEÐFERÐ EINSTAKRA MÁLA**

Bankastjóri og lykilstarfsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga virkan eignarhlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir

eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku bankastjóra og lykilstarfsmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega. Þegar bankastjóri og lykilstarfsmenn takatil starfa skulu þeir gera regluverði grein fyrir þeim aðilum er þeim tengjast með þeim hætti er að framan greinir.

Bankastjóri og lykilstarfsmenn skulu tilkynna regluverði um allar breytingar er verða á lista yfir þá aðila er þeim tengjast.

## **8. LYKILSTARFSMAÐUR MEÐ RÉTTARSTÖÐU GRUNAÐS MANNS Í SAKAMÁLI**

Lykilstarfsmanni ber að tilkynna bankastjóra, mannauðsstjóra eða regluverði fái hann réttarstöðu grunaðs skv. lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála hjá sérstökum saksóknara, ríkislögreglustjóra eða öðru ákærvaldi.

Bankastjóri, mannauðsstjóri og regluverður skulu meta stöðu starfsmanns innan bankans með það fyrir augum hvort víkja eigi starfsmanni úr starfi, senda hann í leyfi eða aðhafast ekkert. Verði starfsmaður sendur í leyfi skal einnig taka ákvörðun um það hvort starfsmaður haldi launum eða verði launalaus.

Landsbankinn skal meta hvert einstakt ætlað brot fyrir sig. Regluverður eða eftir atvikum Innri endurskoðun skal annast skoðun mála og Lögfræðideild metur niðurstöðu þeirrar skoðunar út frá ákvæðum laga um viðurlög. Ef það er mat bankans að brot hafi átt sér stað hjá viðkomandi lykilstarfsmanni skal honum án tafar vísað úr starfi. Uppsagnarfrestur skal greiddur nema um sé að ræða brot í starfi hjá Landsbankanum.

Verði niðurstaðan sú að lykilstarfsmaður hafi ekki brotið af sér skal lykilstarfsmanni ekki vikið úr starfi nema orðspor Landsbankans kalli á slíka ráðstöfun. Við slíkt mat skal ávallt litið til stöðu viðkomandi lykilstarfsmanns og alvarleika hins meinta brots. Teljist brot alvarlegt og staða lykilstarfsmanns innan bankans er þannig að störf hans fyrir Landsbankann gætu skaðað orðspor bankans skal senda lykilstarfsmann í leyfi. Almennu skulu lykilstarfsmenn vera á launum í leyfi en þó ekki lengur en sem nemur uppsagnarfresti viðkomandi. Ef rannsókn opinberra aðila tekur lengri tíma skal taka ákvörðun um það hvort lykilstarfsmanni er þá vikið frá störfum, lykilstarfsmaður verði launalaus þar til rannsókn er lokið eða starfsmaður haldi launum til lengri tíma.

## **9. VIÐSKIPTI BANKASTJÓRA OG LYKILSTARFSMANNA**

Viðskipti bankastjóra og lykilstarfsmanna skulu lúta sömu reglum og viðskipti almennra viðskiptavina í sambærilegum viðskiptum. Þannig skulu bankastjóri og lykilstarfsmenn ekki njóta sérkjara umfram það sem öðrum viðskiptavinum býðst í sambærilegum viðskiptum. Ávallt skal gæta að hagsmunaárekstrum við afgreiðslu slíkra viðskipta sem skulu tekin reglulega út af Innri endurskoðun.

Landsbankanum er óheimilt að veita bankastjóra, lykilstarfsmönnum eða þeim sem eiga virkan eignarhlut í bankanum, eða aðila í nánum tengslum við framangreinda, fyrirgreiðslu, sem telst áhættuskuldbinding í skilningi 29. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, nema gegn traustum tryggingum í samræmi við útlánareglur Landsbankans eins og þær eru hverju sinni. Fjárhæð áhættuskuldbindingar skal hvorki fara yfir 1% af eiginfjárgrunni né 100 millj. kr., þ.e. hvort sem lægra reynist. Framlenging eða endurnýjun á samningi telst til nýrrar áhættuskuldbindingar.

Við mat á því hvort áhættuskuldbinding hvers og eins lykilstarfsmanns fari yfir framangreind leyfileg mörk skal líta til samtölu fyrirgreiðslna til þess aðila og aðila í nánum tengslum við hann. Fari áhættuskuldbinding yfir þau mörk eða ef farið er yfir mörk leyfðs veðsetningarhlutfalls skal Landsbankinn samstundis tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins.

Heimilt er að veita fyrirgreiðslu án trygginga fyrir að hámarki 2 m.kr. Veðhlutfall skal ávallt vera undir tilskildum mörkum eins og skilgreint er í reglum Fjármálaeftirlitsins. Við veitingu fyrirgreiðslu skal veðhlutfall skrásett með formlegum hætti. Virði trygginga skal reikna ársfjórðungslega fyrir veð í íbúðarhúsnæði og bifreiðum. Aðra liði skal reikna daglega.

## 10. SKÝRSLUGJÖF

Landsbankinn skal ársfjórðungslega senda skýrslu um fyrirgreiðslur til bankaráðsmanna, bankastjóra, lykilstarfsmanna eða þeirra sem eiga virkan eignarhlut í því, eða aðila í nánnum tengslum við framangreinda til Fjármálaeftirlitsins. Skýrslur skulu hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 30 dögum frá uppgjördegi.

Fari fyrirgreiðslur yfir þau mörk sem kveðið er á um í reglum þessum eða ef farið er yfir mörk leyfðs veðsetningarhlutfalls skal tilkynna það samstundis Fjármálaeftirlitinu.

## 11. STARFSLOKASAMNINGUR VIÐ BANKASTJÓRA OG LYKILSTARFSMENN

Landsbankanum er óheimilt að gera starfslokasamning við bankastjóra eða lykilstarfsmenn nema hagnaður hafi verið af rekstri fyrirtækisins samfelld síðustu þrjú ár af starfstíma viðkomandi.

Með starfslokasamningi er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli lykilstarfsmanna annars vegar og Landsbankans hins vegar og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram hefðbundnar launagreiðslur í uppsagnarfresti sem kveðið er á um í ráðningarsamningi aðila.

Hafi hagnaður verið af rekstri fyrirtækisins samfelld síðustu þrjú ár er heimilt að gera starfslokasamninga við bankastjóra eða lykilstarfsmenn. Slíkir samningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en í 12 mánuði eftir starfslok.

## 12. BIRTING UPPLÝSINGA

Landsbankinn skal birta upplýsingar um heildargreiðslur og hlunnindi lykilstarfsmanna í ársreikningi, ásamt upplýsingum um fjölda þeirra.

Landsbankinn skal birta reglur þessar á vef bankans ásamt lista yfir lykilstarfsmenn.